

AFSTÖÐUMYND/LÓÐ

1 : 500

Skráningartafla: Fornubúðir 5 - 220 Hafnarfirði																													
Landnúmer: 120505																													
Matshlutanúmer: 02																													
Skráset(ari): Ragnar Ragnarsson																													
Kennitala: 091276-4999																													
Úgáfa: 4.útg. Dags.: 19.11.2017																													
Uppskipting og lýsing							Stærðir																						
D0 Lóðun	D1 Rýni hús-nóð	D2 Notkun texti	D3 Hólfuð-flokkun	D4 Eignar-hald	D5 Íbúðafour m²	D5M Millifour m²	D8 Stigar m²	D7 Op m²	D6 Eldvarðfour m²	D9 Brunafour sk < 1,8	D10a Salarhæð mkn	D10b Salarhæð max	D11 Brutto rúmmál m³	D12 Nettófour m²	D16 Þét fræðamál m²	Reiknistala skiptarúmrúms	D17 Skipta-rúmmál m³
		Matshluti			4.182,0	0,0	195,9	101,8	4.080,2	0,0			15.804,8	3.783,3	4.080,2		15.104,473
		Botn											262,7				
	01	1. hæð			1.340,8	0,0	37,9	0,0	1.340,8	0,0			6.282,0	1.231,7	1.340,8		
A	0101	Rannsóknarsetur	N	0101	1.340,8		37,9		1.340,8		4,50	4,95	6.282,0	1.231,7	1.340,8	4,69	5.776,673
	02	2. hæð			927,2	0,0	23,0	31,9	895,3	0,0			3.245,1	844,8	895,3		
A	0201	Rannsóknarstofur/skrifstofur	N	0101	927,2		23,0	31,9	895,3		3,50	3,50	3.245,1	844,8	895,3	3,50	2.956,800
	03	3. hæð			638,0	0,0	22,5	23,3	614,7	0,0			2.232,7	575,4	614,7		
A	0301	Skrifstofur	N	0101	638,0		22,5	23,3	614,7		3,50	3,50	2.232,7	575,4	614,7	3,50	2.013,900
C	0305	Svalir	S	0101	119,2				119,2							1,00	119,200
	04	4. hæð			638,0	0,0	22,5	23,3	614,7	0,0			2.232,7	575,4	614,7		
A	0401	Skrifstofur	N	0101	638,0		22,5	23,3	614,7		3,50	3,50	2.232,7	575,4	614,7	3,50	2.013,900
	05	5. hæð			638,0	0,0	0,0	23,3	614,7	0,0			2.549,6	556,0	614,7		
A	0501	Skrifstofur	N	0101	638,0			23,3	614,7		2,80	5,80	2.549,6	556,0	614,7	4,00	2.224,000
Athugasemdir																	
Það er ein fyrta í húsinu.																	
Samelgnir summa																	
Eignarhald																	
	Eignar-hald	Notkun texti	Birt flatarmál m²	Skiptarúmmál: Séreign m³	Séreign og sameign m³												
	0101	Rannsóknarsetur	4.080,2	15.104,473	15.104,473												
		Alls	4.080,2	15.104,473	15.104,473												

Tölvuskrá: C:\Users\sveinn\Documents\1701-lóð_Sveinn_Batteriid.rvt

BYGGINGARLÝSING:

Götuheiti og númer:	Fornubúðir 5, 220 Hafnarfjörður
Landnúmer:	120505
Staðgreinir:	1400-1-24400050
Matshluti(ar):	02

Helstu stærðir:
Birt flatarmál hverrar hæðar í m2 og skiptarúmmál í m3:

1.hæð	1340,8 m2
2.hæð	895,3 m2
3.hæð	614,7 m2 +svalir 119,2 m2
4.hæð	614,7 m2
5.hæð	614,7 m2
Birt flatarmál í m2:	4080,2 m2
Skiptarúmmál í m3:	15104,473 m3
Stærð lóðar:	14858,1 m2
Birt stærð MHL 1	6239,1
Nýtingarhlutfall:	0,69
Fjöldi bílastæða (bílastæðabókhald):	171 + 7 fyrir hreyfihaml.

Einnig eru 5 stæði af heildarfjölda hleðslustæði fyrir rafbíla.
Ekki er fullnýtt heimild til byggingarmagns í 1. áfanga samk. deiliskipulagi og er fjöldi bílastæða því 178, en ekki 210 eins og þar stendur. Farið er eftir grein 6.2.4. í Byggingarreglugerð, töflu 6.03 við ákvörðun um fjölda bílastæða fyrir hreyfihamlaða.

Almenn lýsing / starfsemi
Viðbyggingin að Fornubúðum 5 er nýtt skrifstofu og rannsóknahúsnæði sem *hýsa mun aðalstöðvar Hafrannsóknastofnunar Íslands.*
Hafrannsóknastofnun, rannsókna- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna er stærsta rannsóknastofnun landsins á sviði haf- og vatnarannsókna. Húsið verður fimm hæðir með tvö stigahús ásamt einni lyftu. Skipting hæða er sem lýst hér:
1.hæð - Þekkingasetur, fyrirlestrarsalur, fundaherbergi, matsalur, skjalageymsla, eldhús, starfsstöðvar fyrir tölvudeild og afgreiðsla. Einnig verður búningsaðstaða, ræsting og salerni, tæknirými, frysti- og kæligeymslur, ásamt rannsóknastofum
2.hæð - Skrifstofur, rannsóknastofur, skólastofur, fundaherbergi, samtalsrými, ræsting og salerni.
3.hæð - Skrifstofur, rannsóknastofur, fundaherbergi, samtalsrými, kaffiaðstaða, ræsting og salerni.
4.hæð - Skrifstofur, fundaherbergi, samtalsrými, kaffiaðstaða, ræsting og salerni.
5.hæð - Skrifstofur, fundaherbergi, samtalsrými, kaffiaðstaða, ræsting og salerni.
Bílasvæði eru malbikuð með merktum bílastæðum. Malbikað plan í porti. Hellulögð stétt uppi við byggingu að sunnanverðu. Að austanverðu er hellulagt útisvæði.
Reiknað er með að fastar starfsstöðvar eru 181 auk 36 tímabundna starfsstöðva.
Fatahengi og hreinlætisaðstaða starfsfólks: Vísað í skilalýsingu, skjal merkt, "HAFRANNSÓKNASTOFNUN Skilalýsing með leigusamningi fyrir Fornubúðir 5, 220 Hafnarfirði" frá 24. janúar 2018.
Húsið er hannað með tilliti til reglna um algilda hönnun.

Burðarvirki og einangrun:
Vísað í skýrslu burðarþolshönnuðar, Sæmundar Eiríkssonar - Klöpp, merkt, V17-601.
Húsið er einangrað að utan með veggplötum úr steinull.
Þak 5. hæðar er einangrað með steinull.
Þak annarar hæðar þ.m.t. svalir og þak 1. hæðar er einangruð með steinullarplötum og XPS eftir atvikum.
Frágangur og klæðningar:
Fyrsta hæð er að mestu klædd með sléttri klæðningu. Útveggir 2.-5. hæðar eru bárujárnsklæddir. Þök 1. og 2. hæðar eru flöt. með soðnum dúk og sjávarmól. Þak 5. hæðar er klætt með bárujárni.
Innveggir:
Allir innveggir sem ekki eru burðarveggir eru gifsklæddir veggir og glerveggir og uppfylla brunakröfur. Veggir í votrýmum uppfylla einnig staðla um frágang votrýma.
Litaval utanhúss:
Húsið er í fimm litum. Aðalhluti byggingarinnar er skipt upp í fjóra liti á 2.-5. hæð; blágráan, svartan, gulan og rauðan. Aðallitur 1. hæðar er koksgrár/svartur sem er einnig notaður til undirstrika litaskiptingu efri hæða.
Gerð glugga og hurða:
Ál tré gluggar / ál hurðar
Upphitun:
Hitaveita, gólfgeislii. Að auki er möguleiki á hitablæstri í stærri rýmum.

Loftræsting:
Loftræsing er leyst með blöndu af náttúrulegum loftskiftum og vélrænni loftræsingu. Vélræn loftræsing sér um að tryggja lámarks ferskloftskipti og upphitun á ferskloftí þegar kalt er úti. Með opnanlegum fögum er hægt að auka loftskifti yfir sumartíman. Loftræsisamstæðan samanstendur af finsíu á ferskloftí og frákasti. Inn og útblásara, varmaendurvinnslujólí og eftirhitara. Í loftræsikerfinu eru svæðakæliflefti fyrir fyrirlestrasal, móttökusal og matsal. Loftræsisamstæðan er staðsett á þaki rannsóknarstofu 1.hæðar.
Nokkur útsogskerfi eru með sérútsogsblásara s.s. salerniskjarni 2.-5. hæðar, stiniskápar í rannsóknarstofum, smásjávinnustöðvar, hvalarannsókn, sögun og efnageymsla.
Í eldhúsi er sérútsogskerfi fyrir fituútsog. Steikingarhúfur er með slökkvikerfi og er útsogsstokkur heilsoðinn og brunavarinn frá hátí til útblástursristar.
Í öllum brunaskilum eru reyk- og brunalokar sem loka við brunaboð.
Í tölvuherbergi er sér kælikerfi (fancoil) til að viðhalda stöðugu hitastigi og rakastýring til að viðhalda réttu rakastigi.
Loftræsting samkvæmt grein 10.2.7 Byggingarreglugerðar og leiðbeiningarblaðs sem greininni fylgir.

Inntök og lýsing lagnaleiða:
Inntök rafmagns og vatns eru í rými 131 við suðurhlið hússins.
Loftræstibúnaður er staðsettur annars vegar á þaki þess hlutar sem ein hæð og liggur að núverandi byggingu. Hins vegar á þaki 5. hæðar við lyfthúss. Megin lóðrétt lagnaleið er eftir brunaþéttum stokki við stigagang og lárréttar lagnaleiðir eru eftir niðurteknu lofti sem liggja eftir miðju hverrar hæðar.

Fráveitukerfi og spilliefni:
Fráveitukerfi er hefðbundið og tengt fráveitukerfi sveitarfélagsins. Niðurföll eldhúss og blautrannsóknastofu eru tengd fituskilju.

Kólnunartölur:
Heildarleiðnitap byggingar verður innan marka byggingarreglugerðar.
Hámarks U-gildi byggingarhluta verða í samræmi við töflu í gr. 180.3 í byggingarreglugerð

Þak	0,20
Útveggir	0,40
Gluggar	2,00
Hurðir	3,00
Gólf á fyllingu	0,30

Landnúmer: 120505
Staðgreinir: 223-1881

Fornubúðir 5

Skráset(ari): Klöpp/SE
Dagsetning: 290118

TAFLA 1 ÖRKURAMMI

Byggingarhluti	Lýsing	Flatarmál A (m²)	U W/(m² K)	U·A W/K
Þak	CLT 140 mm, 170 mm steinull	1290,7	0,20	258,14
Útveggir	CLT 100 mm, 100 mm steinull	2230,4	0,40	892,16
		0,0	0,30	0
Gólf	120 mm plata á fyll.	1313,3	0,30	393,99
Gluggar/Hurðir		619,1	2,00	1238
		Örkurammi	Σ U·A	2782

TAFLA 2 RAUNTAP GEGNUM HJÚP OG BOTNPLÖTU

Byggingarhluti	Lýsing	Flatarmál A (m²)	U W/(m² K)	U·A W/K	Einangrunarþ. mm
Þak	CLT 140 mm, 170 mm steinull	1290,7	0,19	249	170
Steyptir veggir	CLT 100 mm, 100 mm steinull	2230,4	0,28	617	100
Létir veggir 0		0,0	0,00	0	0
Gólf	120 mm plata á fyll.	1313,3	0,24	132	75
Gluggar		571,7	2,00	1143	
Hurðir		47,4	2,00	95	
		Rauntap	Σ U·A	2237	

TAFLA 3 TAP GEGNUM KULDABRÝR

Kuldabrýr	Lengd L	ψ(W/mK)	ψ·L (W/K)
Lóðréttar kuldabrýr við úthorn	0,0	0,04	0,00
Lárréttar kuldabrýr við plötuskil	0,0	0,83	0,00
Lóðréttar kuldabrýr við útvegg/innvegg	0,0	0,83	0,00
Kuldabrýr við svalir	0,0	0,83	0,00
Kuldabrýr útstigi-útveggur	0,0	0,60	0,00
Kuldabrýr við glugga	52,0	0,04	2,08
Kuldabrýr við hurðir	14,0	0,04	0,56
Sökkull undir útvegg	214,0	0,48	44,02
Sökkull undir innvegg	118,0	0,46	54,28
Aðrar	0,0		0,00
	Kuldabrýr	Σ ψ· L	100,9

ÖRKURAMMI (Tafla 1)		2782	Krafa
RAUNTAP GEGNUM HJÚP OG BOTNPLÖTU (Tafla 2)	2237		
TAP GEGNUM KULDABRÝR (Tafla 3)	101		
Tafla 2+3	2337	Raun	
Er Krafa/Raun>1,0 ?	1,19	Í lagi	

Grein 13.2.4			U- gildi gluggaglerja	
Leiðnitap á fermetra gólfs pr. °C	0,56	W/m² °C	Fast gler	1,50
Grein 13.3.2			Opnanlegt fag	1,50
Útveggir, veggið meðaltal	0,65	Í lagi		

BRUNAVARNIR:

Eftirfarandi brunavarnalýsing er uppfærð af Brunahönnun slf í mars 2018 fyrir Fornubúð 5, Hafnarfirði, verk nr. 17-208. Lausnir eru almennt skv. forskriftarákvæðum byggingarreglugerðar nr. 112/2012 og 350/2013 ásamt rökstuddum frávikum. Nánari upplýsingar um brunavarnir má sjá í uppfærðri skýrslu Brunahönnunar slf. nr. 17-208-bhu2.

Flokkun og notkun byggingar
Byggingin er að stærstum hluta í notkunarflokki 1 en forrými og tengd rými, matsalur og fyrirlestrarsalur á jarðhæð eru í notkunarflokki 2.

Brunahólfun
Almennt:
Nýbygging er hólfuð frá eldri byggingu með meginbrunahólfun (REI90).
Hver hæð er eitt meginbrunahólf.
Stiga- og lyftuhús eru sér brunahólf.
Stigahús eru af gerðinni stigahús 1.
Lóðrétt lagnaskókt eru sér brunahólf með a.m.k. EI60 frágangi.
Fyrsta hæð
Hæðinni er skipt í þrjár álmur sem eru hólfaðar frá hver annarri.
Álma 1 er upplýsingar og þekkingarsetur ásamt tengdum rýmum.
Álma 2 er fyrirlestrarsalur, fundarherbergi, búningsaðstaða ásamt tengdum rýmum.
Álma 3 er rannsóknarherbergi, kæli- og frystigeymslur ásamt tengdum rýmum.
Eldhús og tengd rými eru sér brunahólf. Inntaks- og serverherbergi er sér brunahólf.
Skjalageymsla er sér brunahólf. Fyrirlestrarsalur er sér brunahólf.
Tæknirými er sér brunahólf. Rannsóknarstofur blautvinnslu og tengd rými eru sér brunahólf. Kæligeymslur og frystigeymsla eru sér brunahólf.
Önnur hæð
Sjávarútvegsskóli ásamt tengdum rýmum er sér brunahólf.
Rannsóknarstofa vistfræði er sér brunahólf.
Rannsóknarstofur eðlis- og efnafræði ásamt tengdum rýmum eru sér brunahólf.
Rannsóknarstofa kvarnast og sögun, ofnaherbergi og rannsóknarstofa eru sér brunahólf.
Þriðja hæð
Er eitt brunahólf.
Fjórða hæð
Er eitt brunahólf.
Fimmta hæð
Er eitt brunahólf.

Burðarvirki
Húsið er byggt upp úr verksmiðjuframleiddum limtréseiningum og bitum.
Brunamótstaða aðalburðarvirkja er a.m.k. R60.
Hæðarskil verða a.m.k. REI60.
Brunamótstaða þakvirkis millibyggingu verða a.m.k. R60.
Brunamótstaða þakvirkis skrifstofubyggingar verða a.m.k. R30.
Brunamótstaða stiga er a.m.k. R60.
Limtréseiningar [clt]:
Burðarvirki verður útfært skv. leiðbeiningum framleiðanda og til að tryggja að það standist fyrirgreindar kröfur.
Brunahólfandi innveggir sem uppfylla a.m.k REI60.
Brunahólfandi útveggir sem uppfylla a.m.k. REI60.
Hæðarskil úr limtrésbitum og limtréseiningum sem uppfylla a.m.k. REI60.
Þakburðarvirki uppfyllir a.m.k. R60.
Brunahólfandi veggir milli meginbrunahólfa meðal annars milli núverandi byggingar og nýbyggingar uppfylla a.m.k REI90.

Klæðningar
Allar innanhússklæðningar eru í flokki 1 og gólfefni í flokki G.
Upphengd loft eru úr A-efnum.
Utanhússklæðningar eru í flokki 1.
Þakklæðningar eru a.m.k. í flokki B(roof) (t2).

Flóttaleiðir
Almennt:
Alls staðar er innan við 30 m í flóttaleið eða yfir í annað brunahólf.
Biðsvæði fyrir hreyfihamlaða er í stigahúsum ofan jarðhæðar.
Flóttaurðir frá upplýsinga- og þekkingarsetri skulu vera með neyðarslá eða „panik bar".
Flóttaurðir frá stigahúsum skal vera með neyðarslá eða „panik bar".
Flóttaurðir frá fyrirlestarsal skal vera með neyðarslá eða „panik bar".
Fyrsta hæð:
Frá matsal, upplýsinga- og þekkingarsetri eru a.m.k. tvær óháðar flóttaleiðir.
Frá fyrirlestrasal eru a.m.k tvær óháðar flóttaleiðir.
Frá búningsaðstöðu og tengdum rýmum eru tvær óháðar flóttaleiðir.
Frá rannsóknarými blautvinnslu eru tvær óháðar flóttaleiðir.
Frá frystigeymslu eru tvær óháðar flóttaleiðir.
Frá kæligeymslum er einungis ein flóttaleið, skv. töflu 9.05 byggingarreglugerð er það talið ásættanlegt þar sem að flóttaleiðin er styttri en 10 metrar.
Önnur hæð:
Frá sjávarútvegsskóla og tengdum rýmum eru tvær óháðar flóttaleiðir.
Frá fundanherbergi eru tvær óháðar flóttaleiðir.
Frá rannsóknarstofum og tengdum rýmum eru tvær óháðar flóttaleiðir.
Þriðja til og með fimmta hæð:
Frá þriðju til fimmtu hæð eru tvær óháðar flóttaleiðir sem liggja um sitthvort stigahúsið.

Brunaviðvörunarkerfi
Viðurkennt númerað brunaviðvörunarkerfi verður í öllu húsinu skv. reglum Mannvirkjastofnunar og ÍST EN54. Kerfið verður tengt viðurkenndri vaktstöð. Útstöð ásamt yfirlitsmynd verður við aðalinngang. Kerfið verður tengt viðurkenndri vaktstöð.

Loftræsikerfi
Loftræsikerfi skulu vera skv. DS 428.
Þannig skal gengið frá loftræsikerfum að þau rýri ekki brunahólfun byggingarinnar og stuðli ekki að reykútbreiðslu við bruna.
Brunalokar, a.m.k. E30-S verða í brunahólfunarskilum en E60-S í meginbrunahólfunarskilum.
Loftræsikerfi skulu slökkva á sér við staðfest boð frá brunaviðvörunarkerfi.
Við staðfest brunaboð skulu brunalokar lokast.
Útsog frá eldhúsi verður úr heilsoðnum stokkum sem uppfylla a.m.k. E30.

Reyklosun
Frá stigahúsum er reyklúgur, a.m.k. 1 m2.
Reyklosun verður að öðru leyti allmennt um glugga og hurðir.
Reyklúgur skulu opnast við staðfest brunaboð frá viðkomandi rými en einnig vera handopnanlegar frá rofa við stjórnstöð brunaviðvörunarkerfis.

Gas
Gashylki fyrir eldhús eru í loftræstum óbrennanlegum skáp við utan við útvegg.
Öryggisrofi verður í eldhúsi við innvegg sem lokar fyrir gas. Gasskynjarar verða á eldunarstað.

Vatnsúðakerfi
Að undanskildum kæli- og frystigeymslum verður sjálfvirkt vatnsúðakerfi í allri viðbyggingunni í samræmi við ÍST EN 12845. Reiknað með hefðbundnu blautkerfi í áhættuflokki OH1 í öll rými með hraðopnandi úðahausum.
Sett verður upp handvirkt og sjálfvirkt slökkvikerfi fyrir eldunarhúfa í eldhúsi skv. NFPA 17a.

Slöngukefli og slökkvitæki
Í öllu húsinu verða settar upp brunaslöngur sem ná út í öllu horn. Slökkvitæki skulu staðsett við brunaslöngur og víðar skv. teikningum þannig að ekki verði lengra á milli þeirra en 25 metrar, sjá uppdrætti. Slökkvitæskin skulu sett upp af viðurkenndum aðila. Staðsetning brunaslanga og slökkvitækja skal merkt með til þess gerðum skiltum.

Út- og neyðarlýsing
Út- og neyðarlýsing verður sett upp í öllu húsinu skv. byggingarreglugerð, ÍST EN 1838, *ÍST EN 50172 og öðrum tengdum stöðlum. Reikna skal með a.m.k. eftirfarandi lýsingu;*
Lýsing 15 lux: Lýsing yfir slökkvitækjum og handboðum, í eldhúsi, serverherbergi, tæknirými, rannsóknarstofum og efnageymslu.
Lýsing 5 lux. Stigar og stigagangar.
Lýsing 1 lux: Gangar.
Lýsing 0,5 lux: Salerni fyrir fatlaða, sjávarútvegsskóli, tölvusalur, rannsóknarstofa í vistfræði, opin rými s.s. matsalur, upplýsinga og þekkingarsetur, fyrirlestrarsalur og opin skrifstofusvæði efri hæðir.

Aðkoma slökkviliðs og slökkvivatn
Aðkoma slökkviliðs er góð allan hringinn kringum húsið. Slökkvivatnsþörf viðbyggingarinnar er reiknuð skv. leiðbeiningum Mannvirkjastofnunar, um 1340 l/mín.

Eftirlit og viðhald brunavarnakerfa
Þjónustusamningur skal gerður um eftirlit og viðhald á brunavarnakerfum hússins (vatnsúðakerfi, brunaviðvörunarkerfi, gaskerfi, handvirkur slökkvibúnaður og út- og neyðarlýsing). Sett skal upp eigið eftirlitskerfi brunavarna fyrir Fornubúðir 5, Hafnarfirði.

1901314 21.01.2019

Samþykkt þann 23. jan. 2019
Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði

HEILBRIGÐISEFTIRLIT HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS
Garðatorgi 5 - 210 Garðabæ
18.1.2019

17.01.2019
SLÖKKVILIÐ HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS BS

www.bjarnarhofn.com
BRUNAHÖNNUN
20 ára reynsla

Digitally signed by Gunnar H Kristánsson
DN: c=IS,cn=Gunnar H Kristánsson,serialNumber=kt,o=Brunahönnun slf,ou=brunahonnun@brunahonnun.com
Reason: I have reviewed this document
Location: Reykjavík
Date: 2019-01-02 15:53Z

1	Ný teikning		SÞ / ÞJÁ	SE
Úg.	Skýring / Breyting	Dags.	Teikn.	Yfirfarið

FORNUBÚÐIR EIGNARHALDSFÉLAG EHF
VERKKAUPI / ÞJÁLFARI

Viðbygging - Atvinnustarfsemi
TEGUND VERKS

FORNUBÚÐIR 5 - 220 HAFNARFIRÐI
GATA/STAÐSETNING

AÐALUPPDRÁTTUR
Afstöðumynd

LANDNÚMER:	120505
STAÐGR.:	1400-1-24400050
MHL:	02
MKV.:	1:500
BLAÐST/ERÐ:	A1
ÚTGÁFA DAGS:	18.01.19
TEIKNAÐ:	TJÁ / SÞ
YFIRFARIÐ:	SE

1701 VERKNR. — **301 - 1** RAÐNR. ÚTGÁFA

Jón Ólafur Ólafsson FAÍ
kt. 090656-4099

Sigurður Einarsson FAÍ
kt: 110457-2789

Sigurður Harðarson FAÍ
kt: 030446-3999

BATTERÍID | ARKITEKTAR
Hvaleyrarbraut 32 | 220 Hafnarfirði | S: 54 54 700 | batteri@arkitekt.is | www.arkitekt.is

© BATTERÍID | ARKITEKTAR
ÖLL AFNOT OG APRÍTUN TEIKNINGAR AÐ HLUTA EÐA Í HEILD ER HÁÐ SKRIFLEGU LEYFI HÖFUNDA